Nd. **282. Tillaga til þingsályktunar**

um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegargerð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Barði Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara á næsta sumri fullnaðarákvörðun vegarstæðis frá Múla í Ísafirði að Ögri. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um vegargerðina.

Greinargerð.

Þeir þrír hreppar í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem vegur sá, er hér að ofan greinir, mundi liggja um, eru Nauteyrar-, Reykjarfjarðar- og Ögurhreppur. Hreppar þessir eru blómlegustu landbúnaðarsveitirnar við Ísafjarðardjúp. En þrátt fyrir samgöngur á sjó eiga þessar sveitir í miklum samgönguörðugleikum. Djúpbáturinn getur aðeins sjaldan komið við t. d. í Mjóafirði, sem er afar langur, og tafsamt fyrir bátinn, sem sinna verður í senn farþegaflutningum og vöruflutningum, að fara í hverri ferð inn í fjarðarbotn eftir nokkrum mjólkurbrúsum. Svipuðu máli gegnir um byggðina í Laugardal í Ögurhreppi. Hún getur ekki vegna vegleysis haft not af ferðum Djúpbátsins, sem kemur aðeins við í Ögurvík.

Vegur um þessar byggðir, frá Múla í Ísafirði, um Ísafjörð innanverðan, út með Mjóafirði, fyrir mynni Laugardals og í Ögurvík, mundi skapa stórbætta aðstöðu fyrir þessi byggðarlög. Jafnframt sköpuðust sjávarþorpunum út með Djúpinu auknir möguleikar til þess að fá meiri mjólk, en segja má, að á Ísafirði og öðrum sjávarplássum í nágrenninu ríki verulegan hluta ársins sannkallað mjólkurhungur.

Með tillögu þessari er því lagt til, að vegarstæði verði á næsta sumri ákveðið á þessari leið.